

Reglur um notkun á merki fyrir geitaafurðir.



1. Merkið er eign Geitfjárræktarfélagss Íslands GFFÍ.
2. Einungis félagsmenn í GFFÍ geta sótt um leyfi til að nota merkið á afurðir sínar. Merkið má nota við merkingu, kynningu og markaðssetningu.
3. Merkið er ætlað til notkunar á allar geitaafurðir, þær verða að innihalda að minnsta kosti 75 % hreinar geitaafurðir.
4. Óheimilt er að breyta merkinu á nokkurn hátt, nema að viðhöfðu samráði við stjórn GFFÍ.
5. Óheimilt er að þriðji aðili noti merkið til kynninga eða sölu, nema að viðhöfðu samráði og samþykki stjórnar GFFÍ. Merkið má nota við hlið merki framleiðandans og öðrum merkjum sem hann kann að notast við t.d. merki Beint frá býli eða vottunarkerki Túns.
6. Upphafsgjald skal greiða fyrir leyfi til notkunar, er það 8.000 krónur árið 2018. Stjórn áskilur sér rétt til breytinga á leyfisgjaldi síðar.
7. Límrúllur með merki geitaafurða verður til sölu hjá stjórn GFFÍ og verður nánar auglýst hvernig þeirri sölu verður háttað. Skilyrði fyrir afhendingu er að leyfisgjald sé greitt og árgjald til GFFÍ sé greitt ár hvert.
8. Lögum og reglum um meðferð og sölu matvæla ber að framfylgja.
9. Stjórn GFFÍ áskilur sér rétt til að fylgjast með að skilyrðum um notkun merkisins séu uppfyllt og að grípa til aðgerða sé þess þörf.

Samþykkt af stjórn GFFÍ 6.júní 2018